

Fyrirmyndarpælingar um kennslukarla

Erindi á málþingi Kennaraháskóla Íslands 7.–8. október 2005. **Höfundur:** Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor við kennaradeild Háskólans á Akureyri

„Samband þeirra er frá öllum hliðum séð stórfínt alveg til fyrirmynda“. Svo sungu Stuðmenn forðum um þau Hörpu Sjöfn og Kristín stuð Styrkársson Proppé. Þessar línur koma auðvitað oft í hugann þegar samskiptum kynja er velt fyrir sér því að þar er svo margt sem leynist undir yfirborðinu.

Markmið þessa fyrirlesturs er tvíþætt: í fyrra lagi að skyggjast inn í sögu hugtaksins fyrirmynd sem er komið af hugtakinu hlutverk (*role model*) eða jafnvel kynhlutverk (*sex role model*). Í síðara lagi er það markmið að sýna nokkrar tölur um kynjabilið í árangri á PISA í stærðfræði en það er minnst í þeim landshluta þar sem kennslukarlar í grunnskólum eru fæstir hlutfallslega.

I. Við heyrum margsinnis að drengi vanti karlkyns fyrirmyndir í skólum, bæði leik- og grunnskólum, og þess vegna líði þeim illa og þess vegna gangi þeim ekki vel í skólanum – eða lífinu.

Nú skal þeim tölum að það séu fáir karlar við störf í leik- og grunnskólum ekki mótmælt – þessar tölur eru 1–2% í leikskólum ef litið er á menntaða leikskólakennara, e.t.v. örlítið fleiri ef litið er á allt starfsfólk leikskóla, en um 20% í grunnskólum og eru þá meðtaldir leiðbeinendur og skólastjórnendur (sjá t.d. Ingólfur Ásgeir Jóhannesson 2004, 2005). Hins vegar vefengi ég að það vanti kennslukarla fremur en kennslukonur, t.d. í Leikskólum Reykjavíkur þar sem einfaldlega vantar fólk til starfa þetta haustið – fæst ekki einu sinni ófaglært fólk og mun ástandið vera verra þetta haustið en um langa hríð (sjá einnig fréttaskýringu í *Morgunblaðinu* 24. október 2005).

Lítum þá nánar á hugtakið *fyrirmynd*: Hugtakið er byggt á hugmyndum um kyrrstöðu þar sem gert er ráð fyrir að hlutverk karla og kvenna séu ólík. Bæði Freud og Parsons eru meðal höfunda slíkra kenninga um kynhlutverk. Slíkar kenningar gera t.d. ráð fyrir að

valdamunur kynja sé eðlilegur – þær gera ráð fyrir stöðugleika. En stöðugleiki er ekki beinlínis það ástand sem við búum við í dag, hvort sem okkur líkar það eða ekki (nánari umfjöllun er um þetta í bók minni, *Karlmennska og jafnréttisuppeldi*, og í væntanlegri grein í norrænu tímariti, sjá heimildaskrá).

Hugmyndin um að skóladrengi vanti fyrirmyndir í líki kennslukarls – eða annars karlmanns í skólanum – er byggð á því að drengur skapi óyrt tengsl við fullorðinn karl, læri af honum hvernig fullorðinn karl á að haga sér. Vandinn við þetta er sá að ef þetta er svona í raun, þá á drengurinn að læra mjög hefðbundna, staðalmyndarhegðun af karlinum, alveg eins og í hlutverkakenningum Freuds og Parsons.

Aðrir hafa sagt að ef drengir hafa ekki „eðlilega“ karlmenn í skólunum læri þeir bara af misgóðum sjónvarpshetjum (sjá t.d. Hafstein Karlsson 1995) – en sjálfsmyndin verður bara ekki til á svo einfaldan hátt ef tekið er mið af fjölmiðlarannsóknunum.

Því miður er það svo að þær kröfur sem almenningur gerir til þessara kennslukarla, sem þykir svo sárlega vanta, eru ekki sömu kröfur og gerðar eru til kennslukvennanna, sem mega vera ólíkar hver annarri, heldur á kennslukarlinn að falla inn í tiltölulega hefðbundið mót. Hann á ekki hafa áhuga á myndlist eða ljóðum, hann á að vera „karlmaðurinn í lífi drengsins“, hann á að hafa áhuga á íþróttum og hann á að sjá um að aga börnin og vera yfirvald. Þetta er skelfilega neikvætt og er því miður ekki bara bundið við Suður-Kaliforníu þar sem Paul Sargent (2001) tók viðtöl við 35 kennslukarla sem kenndu í kindergarten og 1.–3. bekk.

Sumar kennslukvennanna sem ég ræddi við fyrir nokkrum árum í rannsókn, sem beindist að umræðum um stöðu drengja og fleira, töldu þar að auki að kennslukarlar sýndu ekki alltaf rétta tegund af aga, þeir ættu til að hækka sig, láta það plata sig að hægt sé að halda vinnufrið með því að hækka sig í rómnum (sjá Ingólf Ásgeir Jóhannesson 2004).

Ég get ekki stillt mig að birta hér splunkunýjan lista Foster og Newman (2005). Á einu plani er listinn til gamans – en í raun og veru er þetta auðvitað grafalvarlegt mál og því kannski rétt að fara varlega með brosið. Þær ræddu við nema í kennslufræðinámi til kennsluréttinda og við brautskráða kennara í Englandi. Helstu þemu sem þær fundu voru að karl í kennslu ætti að vera eða væri tæknimaður (*handyman*), íþróttagæi, „á veiðum“, sem er tilraun mín til að þýða *sexual predator*, framagjarn einstaklingur (*precocious careerist*, kannski það sem við köllum stundum skólastjórálærling), mögulegur barnaníðingur, kyntákn kennarastofunnar (*staff-room sex symbol*), agakarl, föðurímynd og loks *comment-worthy rare commodity*, sem ég þýði sem „sjaldgæf tegund í útrýmingarhættu og því bannað að veiða hana til að versla með hana“.

Vitanlega er þetta svört mynd og það er ekki dregin upp svona staðalmynd til að lýsa öllum kennslukörlum og í raun ekki til að lýsa einstaklingum heldur ímyndum. En þær ímyndir geta haft ákaflega skaðleg áhrif á einstaklinga, raunar bæði karla og konur, þótt í þessum fyrirlestri sé verið að spá í áhrifin á kennslukarlana og þá unga karla sem vildu verða kennarar. Úr þessu bjuggu Foster og Newman til hugtakið sjálfsmyndar-mar sem er tilraun til að þýða *identity-bruising*. Kannski framkalla svona ímyndir „mar á sálinni“ hjá leik- og grunnskólakennslukörlum, en mér fannst bara sú þýðing óþarflega hátíðleg.

Sjálfsmyndarmarið getur líka tengst því að ekki sé borin næg virðing fyrir starfi grunnskólakennara eða meintum lágum launum – slíkar ástæður tengjast ekki kyni einstaklinganna þótt þær tengist kyni stéttarinnar og vitanlega eiga kennslukonur hvorki að sætta sig við virðingarleysi fyrir störfum sínum né launakjör, alls ekkert fremur en karlar. Karlar eru þó líklegri en konur til að láta upphæð launa hafa áhrif á sjálfsmynd sína – meira að segja 10. bekkingar ef marka má rannsókn Guðbjargar Vilhjálmsdóttur (2004) um starfshugsun unglinga.

Ég tek hér með til gamans búið úr viðtali við Örbrúnu, eina af kennslukonunum fjórtán sem ég ræddi við fyrir fáeinum misserum (sjá Ingólf Ásgeir Jóhannesson 2004):

Telurðu að það sé mýta að karlar ráði betur við bekkina? -- Maður heyrir stundum sagt um erfiða bekki: Er ekki karlmaður sem getur tekið hann? Sérstaklega í eldri bekkjunum. *Þú þekkir engin dæmi til þess að það hafi verið betra?* -- Mér finnst það ekki. Mér finnst það algerlega einstaklingsbundið. Algerlega ókynbundið. Það er mín reynsla. Án þess að ég viti neitt hvað hinir kennararnir eru að gera inni í stofunum því að maður veit það ekki. *Hverjir eru það sem eru að segja þetta að karlmenn ráði betur við ...?* -- Foreldrar. *Þeir nefna þá engin dæmi um þetta?* -- Nei, ég held ekki. *En þú vilt meina að það sé bara einstaklingurinn, kennarinn ...?* -- Það er mín reynsla að karlmönnum gengur ekki betur með agamál. Það er jafnmismunandi og með konur.

Niðurstaða mín er sú að ef við viljum fjölga kennslukörlum, þá skulum við gæta okkar á því að ætlast ekki til einhvers annars af þeim en kennslukonunum – það má ekki gera þá að fyrirmyndum á neikvæðan hátt!

II. Víkjum að síðara markmiðinu. Ég spyr fyrst hvort það sé mikilvægt fyrir dreng upp á námsárangur að hafa kennslukarl.

Drengir í tíunda bekk standa sig lakar en stúlkur í samræmdum prófum og einnig í PISA. Þar er niðurstaðan í stuttu máli svona: sex stig í Reykjavík, þrjú stig í nágrannabæjunum og 12-30 stig á öðrum landsvæðum (sjá Júlíus K. Björnsson 2005; þessi stig eru miðuð við 500 sem meðaltal). Kynjamunurinn er á öllum sviðum stærðfræðinnar stúlkum í vil sem er **heimsmet** – og er sú staðreynd gjarna látin orga á mann! Raunar standa stúlkurnar í fámennustu kjördæmunum, og er þá miðað við kjördæmin sem giltu frá 1959-1999, sig best allra þótt munurinn á þeim og stúlkum á höfuðborgarsvæðinu hafi tæpast verið marktækur (eitt stig).

Ekki er skýringin á þessu sú að það séu fleiri kennslukarlar í Reykjavík: heldur er hlutfall þeirra 19,4% í Reykjavík og nágrannabæjum hennar til samans en er 23,8-28,3% á öðrum landsvæðum. Þetta eru allt tölur frá hausti 2004, en munurinn er mjög svipaður mörg ár aftur

í tímann, en kennslukörlum fækkar hægt og bítandi. Hvort skýringa er fremur að leita í því að drengirnir þoli síður að hafa réttindalaus kennara, upp í 40% á Vestfjörðum, einmitt þar sem stúlkurnar standa sig best. Einnig gæti verið að kennarar á landsbyggðinni kunni síður en kennarar á höfuðborgarsvæðinu að kenna stærðfræði. Nærtækasta skýring sem ég hef, ósönnuð, er sú að stúlkur hafi nú fattað að það sé hægt að nota skóla til að komast í burtu, en hugmyndir drengja um karlmennsku sé að nám sé “úti”.

Í nýlegri frétt *Morgunblaðsins* 19. september 2005, sem vitnar í vef BBC, kemur reyndar fram kyn kennara hafi engin áhrif á námsárangur en nemendur sem hafi kennslukonur hafi jákvæðara viðhorf til náms (vísað er til stórrar rannsóknar sem gerð var við Durhamháskóla). Allt sem ég hef kynnt mér um þessi málefni bendir í þessa átt: kyn kennara skiptir ekki máli fyrir námsárangur.

Í rannsóknum Ingu Dóru Sigfúsdóttur (2005) kemur fram að fleiri drengjum líður illa í grunnskólum en stúlkum – en er það af því að þá vanti karla sem muni móta þá í vissu fari, hefðbundnu fari? Eða er þeim lakar sinnt heima hjá sér en stúlkunum? Um það eru sterkar vísbendingar í nefndri rannsókn. Hliðstæð er niðurstaða Guðrúnar Kristinsdóttur (2004) um að drengir hafi meiri áhyggjur en stúlkur.

Getur hugsast að drengir taki síður mark á kennslukonum? Vísbendingar um það koma fram í viðtalsrannsókn minni. Og einnig eiga foreldrar til að biðja um kennslukarl ef illa gengur. Slík ímynd er ekki góð fyrir kennslukarla og alls ekki líkleg til að laða unga karla að kennarastarfinu. Hér má líka nefna söguna af ungum kennslukarli sem sagði mér frá því að hann hefði verið beðinn um að taka „erfiðan“ bekk af því hann var hávaxinn!

Hugtakið fyrirmynd hefur gjarna verið notað af þeim sem eru að berjast fyrir bættri stöðu kvenna. Ég tel að þá sé orðið fyrirmynd notað á annan máta en þegar kennslukarlar eru pantaðir. Ég held hins vegar að orðið fyrirmynd sé orðið of nátengt *role-model* og kynhlutverks-

hugtökunum til að nýtast þannig að við getum sagt að fyrirmynd sé gott hugtak ef fyrirmyndin er góð en vont hugtak ef fyrirmyndin er vond. Þá er kennslukarl sem skammar börnin slæm fyrirmynd fyrir ungan mann sem langar að verða kennari.

Ég get hugsað mér hugtak þar sem kynin sýna fordæmi í að fara yfir kynjaþröskulda eða rjúfa kynjamúra, hvort sem það eru konur sem slökkviliðsmenn eða karlar sem leikskólakennarar. Við verðum þá að tryggja að kennslukarlar í leikskóla séu EKKI látnir í önnur störf en kennslukonurnar og sýni þannig vont fordæmi fyrir börnin um ómálefnalega verkaskiptingu. (Málefnaleg verkaskipting væri að kennslukarlinn væri lærður í málalalist en konan í tölvum.)

Almennt held ég verkefni kennslukarla og kennslukvenna á öllum skólastigum eigi að vera hin sömu. Og það finnst a.m.k. grunnskólakennslukonunum sem ég ræddi við – þeim finnst einstaklingsmunur vera meiri en kynjamunur í kennslustíl.

Ég óttast heilmikið að þvaðrið um að kvennamenning sé of mikil í leikskólum og leggi undir sig skóla á öðrum stigum geti orðið til þess að kennslukonur sem kennslukarlar óttist móðurlega umhyggju – sem er auðvitað samlíking á þeim vinnubrögðum sem kennarar þurfa að tileinka sér.

Umhyggja fyrir börnum er ekki bara persónulegur eiginleiki sem kennarar þurfa að hafa og hún er heldur ekki gildi tengt kyni kennara: hún faglegt gildi. Ég veit að það er efni í annan fyrirlestur að rökstyðja að kennslukarlar þurfi umfram allt að gera móðurlega umhyggju að faglegu gildi – en ef við gerum það þá verðum við góð fordæmi.

Sýnum *FYRIRMYNDAR-FORDÆMI* – þá verður „samband okkar“ – kennara, barna, kynja – svo vitnað sé í upphafið til fyrirmyndar.

Heimildir og stoðrit

- Connell, Robert W. 2000. *The men and the boys*. Berkeley og Los Angeles, University of California Press.

- Foster, Tor og Elizabeth Newman. 2005. Just a knock back? Identity bruising on the route to becoming a male primary school teacher. *Teachers and Teaching: theory and practice* 11:341–358.
- Guðbjörg Vilhjálmsdóttir. 2004. Ólík hugsun um störf eftir kynferði. *Rannsóknir í félagsvísindum V. Félagsvísindadeild. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2004* (ritstj. Úlfar Hauksson), bls. 193–206. Reykjavík, Háskólaútgáfan.
- Guðrún Kristinsdóttir. 2000. Tíu ára börn standa vel að vígi. Athugun á færni, áhyggjum og lausnum barna. *Uppeldi og menntun* 9:77–94.
- Hafsteinn Karlsson. 1995. Er karlmennska að hverfa úr skólunum? *Ný menntamál* 13,3:20–22.
- Hagstofa Íslands. 2005. Starfsfólk við kennslu eftir kyni, réttindum, menntun og búsetu 1998–2004. *Hagtölur. Skólamál. Grunnskólar*. www.hagstofa.is [24. júní 2005].
- Inga Dóra Sigfúsdóttir. 2005. Kynjamunur í skólastarfi - umhverfi og aðstæður. Fyrirlestur á ráðstefnunni Drengjamenning í grunnskólum. Áhrif — afleiðingar — aðgerðir. Reykjavík, 24. febrúar.
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. 2004. *Karlmennska og jafnréttisuppeldi*. Reykjavík, Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands.
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. 2005. Skólaþróun í þágu jafnréttisuppeldis drengja. *Rannsóknir í félagsvísindum VI. Félagsvísindadeild. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2005* (ritstj. Úlfar Hauksson), bls. 283–292. Reykjavík, Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. Væntanlegt. To be a male role model—or to be a teacher: Notes on the discourse about men primary teachers in Iceland. *Nordisk tidsskrift for mændsforskning* 1(1).
- Júlíus K. Björnsson. 2005. Einkunnir, aðbúnaður og líðan. Tölulegar staðreyndir og vangaveltur. Fyrirlestur á ráðstefnunni Drengjamenning í grunnskólum. Áhrif — afleiðingar — aðgerðir. Reykjavík, 24. febrúar.
- Mills, Martin, Wayne Martino og Bob Lingard. 2004. Attracting, recruiting and retaining male teachers: Policy issues in the male teacher debate. *British Journal of Sociology of Education* 25:355–369.
- Sargent, Paul. 2001. *Real men or real teachers? Contradictions in the lives of men elementary school teachers*. Harriman (Tennessee), Men's Studies Press.
- Skelton, Christine. 2002. The 'feminisation of schooling' or 're-masculinising' primary education? *International Studies in Sociology of Education* 12:77–96.
- Whitehead, Stephen M. 2002. *Men and masculinities. Key themes and new directions*. Cambridge, Polity.

© Ingólfur Ásgeir Jóhannesson 2005